



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

|                  |                                                                                                                                                                                                          |
|------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Málsheiti og nr. | Frumvarp til laga um breytingar á erfðalögum, lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl. og lögum um nauðungarsölu (miðlun og form gagna, notkun fjarfundabúnaðar, birtingar o.fl.). DMR25060020. |
| Ráðuneyti        | Dómsmálaráðuneytið                                                                                                                                                                                       |
| Stig mats        | <input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr.<br><input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.                                                                                         |
| Dags.            | 25. júní 2025                                                                                                                                                                                            |

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.**
  - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
  - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
  - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
  - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.
  - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
2. **Tekjubreytingar.**
3. **Útgjaldabreytingar.**

Ef einhver eru þær óverulegar og rúmast innan fyrirbyggjandi útgjaldaramma málaflokksins.
4. **Eignabreytingar.**
5. **Aðrir áhrifabættir varðandi ríkisfjármál.**
  - a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
  - b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
  - c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
  - d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
  - e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.

- f) Opinber innkaup og útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

## **B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun**

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
  - a) í gildandi fjárlögum
  - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
  - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?  
Nei.

## **C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni**

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnssýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
3. Samkeppnisskilyrði.
  - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
  - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
  - c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).
  - d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

#### D. Önnur áhrif

**1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaganna.

**2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).**

**3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.**

**4. Áhrif á byggðalög.**

Lagasetningin þykir styðja við byggðamálin þar sem stafrænar lausnir og rafræn málsmeðferð ryðja ýmsum hindrunum úr vegi fyrir flutningi verkefna sýslumannsembætta á landsbyggðina. Með því verður unnt að treysta stóðir hinna dreifðu byggða og efla stjórnsýsluna á landsbyggðinni með nýjum og fjölbreyttum störfum.

**5. Áhrif á frjáls félagasamtök.**

Á ekki við.

**6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.**

Stafræn og rafræn málsmeðferð nýtist öllum, óháð kyni. Ekki er því gert ráð fyrir að frumvarpið hafi mismunandi áhrif á einstaklinga eftir kyni.

**7. Áhrif á lýðheilsu.**

Á ekki við.

**8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.**

Innleiðing stafrænna lausna fyrir málsmeðferðina þykir hafa jákvæð áhrif á nýsköpun, bæði hjá sýslumanni og öðrum sem þróa og selja þjónustu sína.

**9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**

Á ekki við.

**10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**

Frumvarpinu er ætlað að festa í varanlegt horf heimildir fyrir stafræna og rafræna málsmeðferð og notkun fjarfundabúnaðar, sem hefur þegar verið þróað og innleitt hjá sýslumanni á grundvelli bráðabirgðaheimilda erfðalaga og laga um skipti á dánarbúum o.fl. Þá þykja þær heimildir sem fyrirhugað er að innleiða í lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu byggja á sama grunni og þegar innleiddar lausnir fyrir fyrrnefnda lagabálka. Því er talið að áhrif á stjórnsýslu verði óveruleg og fremur til þess fallin að auka skilvirkni í málaflökkunum þegar fram líða stundir.

**11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**

Á ekki við.

**12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.**

Á ekki við.

#### E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

**1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir rikissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**

Með frumvarpinu er ætlunin að ryðja úr vegi hindrunum í gildandi löggjöf fyrir því að nota megi stafræna og rafræna málsmeðferð við meðferð mála sem rekin eru hjá sýslumönnum og dómstólum á grundvelli erfðalaga, laga um aðför, laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um nauðungarsölu, til samræmis við stefnu stjórnvalda um framtíðarsýn um málefni sýslumanna sem og stafræna þjónustu hins opinbera. Það verði gert með því að gera fyrrgreinda löggjöf hlutlausu um afhendingarmáta gagna, heimila notkun rafrænna staðfestinga o.s.frv., auk þess að heimila notkun fjarfundabúnaðar í auknum mæli sem og birtingu tiltekinna gagna í stafrænu pósthólfi.

Hvorki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld eða hafi að öðru leyti áhrif á fjárhag ríkissjóðs né sveitarfélaga verði það lögfest. Þó má ætla að kostnaður vegna

pappírsmál og umsýslu minnki, þar á meðal við birtingar og fyrirtökur. Stafræn og rafræn málsmeðferð nýtist öllum, óháð kyni. Ekki er því gert ráð fyrir að frumvarpið hafi mismunandi áhrif á einstaklinga eftir kyni.

**2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.**

Nei.

**3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).**

Ávinningur felst í bættri þjónustu við almenning með því að festa í sessi heimildir fyrir stafræna þjónustu. Með því verður málsmeðferðin samræmdari, einfaldari, skilvirkari og vandaðri út frá upplifun almennings. Að auki að stuðla að hagræðingu við framkvæmd verkefna og áframhaldandi nýtingu þeirra framleiðni aukandi lausna sem innleiddar hafa verið í rafræn ferli fyrir skipti á dánarbúum, á grundvelli bráðabirgðaheimilda sem falla úr gildi 1. janúar 2026. Sömu sjónarmið eiga við um lögfestingu slíkra heimilda í lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu. Þá þykir lagasetningin jafnframt styðja við byggðamálin þar sem stafrænar lausnir og rafræn málsmeðferð ryðja ýmsum hindrunum úr vegi fyrir flutningi verkefna sýslumannsembættu á landsbyggðina. Með því verður unnt að treysta stöðir hinna dreifðu byggða og efla stjórnsýsluna á landsbyggðinni með nýjum og fjölbreyttum störfum. Óveruleg útgjöld eru talin verða af frumvarpinu og í ljósi fyrri útgjalda ríkissjóðs við þróun og innleiðingu stafrænna lausna og rafræna málsmeðferð, þá fylgir því ótvíræður ávinningur að halda þeirri vegferð áfram með viðhlítandi breytingum á lögunum.

**F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati**

- 1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
- 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**